

Fundargerð 29. aðalfundar KGSÍ haldinn miðvikudaginn 29. maí 2024 klukkan 16:00 haldinn í fjarfundi með Teams fjarfundarkerfi.

Dagskrá fundarins sbr. 7 gr. laga KGSÍ.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.
4. Kosning formanns.
5. Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. Önnur mál.

Þáttakendur, þetta er ekki tæmandi listi en þeir sem tókst að lesa úr skráningu fjarfundar.

Anna Kristjánsdóttir	Akraneskirkjugarður
Albert Eymundsson	Hafnarkirkjugarður
Arnfinnur Einarsson	KGRP
Bogi Benediktsson	Mosfellskirkjugarður
Egill Heiðar gíslason	KGRP
Guðbjörg Arnórsdóttir	KGHF
Guðmundur Búason	Selfoss og Hraungerðiskirkugarður
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
Gunnlaugur Harðarson	KGHF
Helena Sif Þorgerisdóttir	KGRP
Helga Halldórsdóttir	KGRP
Hermann Björn Erlingsson	KGHF
Ingvar Stefánsson	KGRP
Jóhanna Arnórsdóttir	KGHF
Kári Aðalsteinsson	KGRP
Kristinn Þór Jakobsson	KGK
Kristín Bjarnadóttir	Hofskirkjugarður Hofsósi
Magnús Gunnarsson	KGHF
Matthildur Hauksdóttir	Ísafjarðarkirkjugarður
Oddný S Þórðardóttir	Árneskirkjugarður
Smári Sigurðsson	KGSÍ / KGA
Svanhvít Sveinsdóttir	Víkurkirkjugarður
Sveinn Þórólfsson	Kirkjugarður Borgarkirkju
Þóra Fríður Björnsdóttir	Einarsstaðakirkjugarður
Þóroddur Skaptason	KGHF
Þórunn Birna Björgvinsdóttir	Vídalínskirkja
Þórunn Ragnarsdóttir	Árbæjarkirkjugarður

Smári Sigurðsson formaður KGSÍ setti fund kl. 16.01 og bauð fundarmenn velkomna á 29. aðalfund KGSÍ í haldin í fjarfundi.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Smári Sigurðsson formaður KGSÍ lagði til að Egill Heiðar Gíslason KGRP yrði fundarstjóri og Hermann Björn Erlingsson KGHF fundarritari og voru þeir samþykktir í þau störf. Fundarstjóri kynnti dagskrá fundar, engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundarins og hún samþykkt.

2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.

Smári Sigurðsson formaður KGSÍ kynnti ársskýrslu stjórnar, fór yfir efni hennar og vakti athygli á nokkrum atriðum. Eitt af verkefnum stjórnar var að koma málefnum kirkjugarða upp borðið hjá fagráðuneytum sem fjalla um kirkjugarða en stjórnvöld hafa sýnt þessum málaflokki fálæti. Smári rakti samskipti KGSÍ við ráðuneyti kirkjugarða síðast liðinn áratug.

Tekjur kirkjugarðanna í formi framlags ríkisins var árið 2024 var 1370 milljónir sem KGSÍ skiptir milli garðanna eftir rekstri þeirra.

Árið 2023 fengu 244 kirkjugarðar greiðslur, grafarsvæði eru um 170 hektarar, teknar voru 1398 kistugrafir og 1130 duftker jarðsett

Fundur stjórnar KGSÍ með Guðrúnu Hafsteinsdóttur dómsmálaráðherra var loks haldinn 12. desember 2023 eftir nokkrar frestanir. Stjórn KGSÍ lagði þar fram þrjú mál, tillögu að endurskoðun kirkjugarða samkomulagsins, líkhús rekstur og ábyrgð, bálstofa til framtíðar, kynning endurnýjun bálstofu í Gufuneskirkjugarði.

Smári sagði að endurskoða þyrfti lög um kirkjugarða, en alþingismenn hefðu lítinn áhuga á því. Hann fór yfir framreiknaðar greiðslur kirkjugarðsgjalds frá árinu 2005 – 2024 og samkvæmt því væri gjaldið of lágt en á það hefur ítrekað verið bent.

Önnur verkefni stjórnar á s.l. ári m.a. heimsókn til kirkjugarðsstjórna á Snæfellsnesi, KGSÍ tók þátt í Kirkjudegi Kjalarnesprófastdæmis og hélt þar fyrirlestur um kirkjugarða, stefnt er á uppfærslu á gardur.is, vinna er hafin við einföldun á bókunarkerfinu á garður.is. Kirkjugarðaráð vinnur að gerð verklagsreglna um réttthafa þeirra sem sjá um leiði ástvina.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góða skýrslu og frestaði umræðum um hana.

3. Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.

Ingvar Stefánsson frá KGRP fór yfir ársreikninga KGSÍ og kynnti helstu liði, rekstrartekjur, gjöld, efnahagsreikning, sjóðsstreymi.

Rekstrartekjur ársins námu kr. 8.839.300 m.kr.

rekstrargjöld voru kr. 5.030.900 m.kr.

Tekjur umfram gjöld námu kr. 3.358.400 m.kr.

en eftir fjármagnsliði er hagnaður ársins kr. 3.445.256 m.kr.

Handbært fé í árslok 9.163.181 m.kr.

Eigið fé kr. 21.201.09 m.kr.

Ingvar kynnti ársreikning um framlag ríkisins sem kirkjugarðaráð hefur samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði Ingvari fyrir góðar útskýringar og gaf orðið laust fyrir fyrirspurnir

Smári Sigurðsson formaður KGSÍ fór yfir forsendur við gerð ársreikninga.

Kristinn Þór Jakobsson KGK spurði, fá kirkjugarðar kirkjugarðsgjaldið frá skattinum ?

Ingvar Stefánsson frá KGRP, það ekki lengur kirkjusjóðsgjald heldur framlag á fjárlögum.

Ársreikningurinn og skýrsla stjórnar voru samþykkt samhljóða.

4. Kosning formanns KGSÍ.

Smári Sigurðsson gaf kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma kjörinn formaður.

5. Kosning annarra stjórnarmanna.

Fundarstjóri kynnti þá einstaklinga sem sátu í stjórn og varastjórn. Smári Sigurðsson formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Ingvar Stefánsson aðalmenn. Varamenn Anna Kristjánsdóttir og Matthildur Hauksdóttir. Voru þau kosin áfram til stjórnarsetu.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ

Skoðunarmenn voru endurkjörnir, Magnús Gunnarsson og Þórunn Íris Þórisdóttir.

7. Önnur mál.

Ingvar Stefánsson KGRP sagði frá nýrri stefnumótun Kirkjugarða Reykjavíkur sem er sjálfseignarstofnun og rekur kirkjugarða fyrir alla sem þar vilja hvíla, í góðunum eru m.a. sérstakir reitir fyrir ásatrú, múslima og fleiri. Ingvar sagði frá undirbúningi og vinnu við gerð stefnumótunar KGRP. Byggir stefnumótunin á fimm stöðum, kyrrð og kærleikur, ábyrgð í samfélaginu, minningin lifir, upplifum og samvera, varðveisla menningararfs. Gildi voru valin, virðing, fagmennska, umhyggja og liðsheild.

Smári Sigurðsson formaður KGSÍ sagði frá nýjum duftgrafreit í Notodden í Noregi sem er fyrsti duftveggurinn utandyra í Noregi (kólumbarium). Þar er fjöldi hólfa og í hverju þeirra má koma fyrir fjórum duftkerjum. Veggurinn er tvöfaldur og tekur því mikinn fjölda duftkerja.

Kristinn Þór Jakobsson KGK sagði frá heimsókn hans í kirkjugarð í Danmörku, þarf hefur fjölskylda ástvina 10 ár gjaldfrí eftir það greiðir fjölskyldan umhirðugjald, ef viðkomandi greiðir ekki umhirðugjald eru minningarmörkin tekin niður og geymd í 15 ár á sérstökum stað í garðinum og síðan fjarlægð.

Ingvar Stefánsson KGRP sagði að víða annarsstaðar á norðurlöndunum eru 20 ár gjaldfrí eftir það er kostnaður við umhirðugjald um 5000 kr. en það verð er misjafnt eftir sveitarfélögum og eftir það eru minningarmörk endurnýtt.

Kristinn Þór Jakobsson KGK sagði frá hugmyndum um grisjun trjáa í Keflavíkurkirkjugarði benti á að huga þyrfti vel að gróðursetningu trjáa í kirkjugörðum, þau fengu tilboð í við förgun á trjám í garðinum og samkvæmt sem kostar um 250 þúsund kr. farga einu tré.

Smári Sigurðsson formaður KGSÍ sagði að ráðuneyti kirkjugarðsmála hefði boðað stjórn KGSÍ til fundar í lok júní 2024 til samtals um rekstur kirkjugarða. Smári hvatti fundarmenn að nýta tengslanetið og hvetja þingmenn sem þeir þekkja að taka málefni kirkjugarða á dagskrá, mikilvægt að halda pressunni á stjórnvöld. Hann hvatti til að kirkjugarðar huguðu að sameina rekstur kirkjugarða, sérstaklega minni garðanna. Stjórn KGSÍ er boðin og búin aðstoða við slíkan undirbúning.

Smári Sigurðsson formaður KGSÍ Smári þakkaði traustið að vera kosinn aftur formaður, þakkaði fundargestum fyrir góðan fund, þó fundurinn væri fjarfundur væri gott að halda venjubundinn fund sérstaklega fyrir félagslega þáttinn. Hugmyndin er að halda veglegan funda að ári, og hafa þá námskeið á föstudeginum fyrir starfsmenn, en árið 2025 eru 30 ár frá stofnun KGSÍ.

Smári Sigurðsson formaður KGSÍ þakkaði fyrir fundinn.

Fundarstjóri þakkaði fyrir samstarfið á fundinum og samveruna og mikilvægt er að stilla saman strengi.

Fundarstjóri sleit fundi klukkan 17.20.

Fundargerð ritaði: Hermann Björn Erlingsson ritari stjórnar Kirkjugarðs Hafnarfjarðar